



CCU

Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

FRÉTTABRÉF | 1. TBL - 19. ÁRG | JANÚAR 2023

FUNDARBOÐ - 16. FEBRÚAR KL. 20:00

AÐALFUNDUR CCU

Gleðilegt nýtt ár kæru félagar og vonandi hafa allir haft það gott um jólahátíðina og áramót. Hér með boðar stjórn til aðalfundar og dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðasta árs
2. Yfirfarnir reikningar lagðir fram til samþykktar
3. Tillaga stjórnar um starfsemi næsta árs
4. Kosning stjórnar
5. Kosning varamanna
6. Kosning endurskoðenda (skoðunarmanna reikninga)
7. Tillögur sem hafa borist
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Ungliðahópurinn
10. Önnur mál

Eftir aðalfundinn verður boðið upp á veitingar. Það hefur ekki gengið eins vel og við vildum að fá fyrirlesara þetta kvöld en vonandi finnum við einhvern í tæka tíð sem er laus og til í að mæta. Við verðum live í umræðuhópnum eins og áður en vonumst til að sjá sem flesta á staðnum.

Fundurinn verður í sal Vistor, Hörgatúni 2 Garðabæ, gengið inn frá Bæjarbrautinni og hefst kl. 20:00.



LAGABREYTINGAR

Stjórn CCU hefur ákveðið að leggja fyrir aðalfund, eftirfarandi breytingar á lögum félagsins. Tilgangur breytinganna er að auðvelda boðun aðalfundar og einnig að lagfæra texta um endurskoðendur reikninga og meðferð fundargerða. Núverandi lög CCU má sjá á heimasíðunni (um samtökin).

Hér eru taldar upp þær málsgreinar sem breytast en ekki lagagreinar í heild.

4. lagagrein - 2. málsgrein er svohljóðandi:

Venjulegur aðalfundur er haldinn einu sinni á ári í lok febrúar í varnarpingi samtakanna og boðaður skriflega til allra félagsmanna með minnst 14 daga fyrirvara ásamt eftirfarandi dagskrá:

4. lagagrein - 2. málsgrein eftir breytingar:

Venjulegur aðalfundur er haldinn einu sinni á ári í lok febrúar í varnarpingi samtakanna. Stjórn boðar til hans með tilkynningu á heimasíðu,

LAGABREYTINGAR FRH.

Facebook síðu (eða þeim samfélagsmiðlum sem félagið notar) og tilkynningu í tölvupósti samkvæmt netfangalista félagsins, með minnst 14 daga fyrirvara. Í fundarboði skal koma fram ef breytingar hafa orðið á þessum samþykktum ásamt eftirfarandi dagskrá:

4. lagagrein - 6. liður dagskrár er svohljóðandi:

Kosning endurskoðenda.

4. lagagrein - 6. liður dagskr. eftir breytingar:

Kosning skoðunarmanna reikninga.

4. lagagrein - 4. málsgrein er svohljóðandi:

Ákvarðanir á aðalfundi eru teknar með einföldum meirihluta. Sjá 7. grein um laga-breytingar. Fundargerð um umræður og samþykktir skal skrá af ritara stjórnar til samþykktar í fundargerðarbók. Tillögur sem óskast teknar fyrir á aðalfundi verða að berast skriflega til stjórnar fyrir 15. janúar.

4. lagagrein - 4. málsgrein eftir breytingar:

Ákvarðanir á aðalfundi eru teknar með einföldum meirihluta. Sjá 7. grein um lagabreytingar. Fundargerð um umræður og samþykktir skal skrá rafrænt af ritara og vista í Facebook hópi stjórnar og einnig á geymsludrifi. Tillögur sem óskast teknar fyrir á aðalfundi verða að berast í tölvupósti til CCU fyrir 15. janúar.

5. lagagrein - 7. málsgrein er svohljóðandi:

Stjórn heldur minnst 4 fundi árlega. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hann skal tilkynna stjórnarmeðlimum hvaða mál eru á dagskrá. Formaður stjórnar fundum og atkvæðagreiðslum og sér um að ákvarðanir séu færðar í fundargerðarbók.

5. lagagrein - 7. málsgrein eftir breytingar:

Stjórn heldur minnst 4 fundi árlega. Formaður boðar til stjórnarfunda og tilkynnir stjórnarmeðlimum hvaða mál eru á dagskrá. Formaður stjórnar fundum og atkvæðagreiðslum og ritari skráir rafræna fundargerð sem vistuð er í Facebook hópi stjórnar og á geymsludrifi.

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Framtíðin á upphaf sitt í dag og ef þú nýtir hana ekki í tæka tíð verður hún áður en varir hluti gærdagsins.

Ókunnur höfundur

CCU SAMTÖKIN | PÓSTHÓLF 5388 | 125 REYKJAVÍK | TALHÓLF 871 3288 | CCU@CCU.IS | WWW.CCU.IS

Formaður Edda Svavarsdóttir | Varaformaður Elísabet Sværisdóttir | Gjaldkeri Hulda Björg Þórðardóttir | Ritari Sóley Veturlíadóttir | Meðstjórnandi María Olsen
Varamenn Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir | Vefstjóri Svavar Kjarrval